



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 12/2020

**Sölu- og afhendingarbann á „Partíbyssan“ og „Partíbyssufyllingar“
hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg**

I.

Málsmeðferð

1.

Þann 30. desember 2019 fóru eftirlitsmenn Neytendastofu á sölustað Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Grandagarði 1, í vettvangsskoðun til að kanna merkingar skotelda og samræmi þeirra við kröfur gildandi laga og reglugerða. Á sölustað mátti sjá vörurnar „partíbyssan“ og „partíbyssufyllingar“ sem báru engar merkingar á umbúðum um hvaða flokk skoteldarnir tilheyrðu.

Með tölvupósti, dags. 30. desember 2019, var Slysavarnafélagið upplýst um ágalla vörunnar og að Neytendastofa teldi að varan væri skoteldur að gerð „party poppers“. Því bæri vörunni að uppfylla lagalegar kröfur sem gilda um skotelda en samkvæmt staðlinum ÍST EN 15947-5 Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 5: Kröfur um samsetningu og nothæfi væri ekki heimilt að framleiða party poppers í byssuformi. Þá skyldi einnig að merkja á umbúðir skotelds með hástöfum í hvaða flokk hann væri framleiddur skv. 4 hluta staðalsins ÍST EN 15947-3:2015 Flugeldavörur og sprengibúnaður – Flugeldavörur í flokki 1, 2 og 3 – Hluti 3: Lágmarkskröfur um merkingar. Var því farið fram á að Slysavarnafélagið afhenti samræmisýfirlýsingu, prófunarskýrslu og gerðarviðurkenningu, sem og önnur tækniskjöl sem sýndu fram á að „partíbyssan“ og „partíbyssufyllingar“ uppfylltu viðeigandi kröfur. Farið var fram á að erindi Neytendastofu yrði svarað samdægurs með vísan til þess hve stutt skoteldasölutímabil væri, ella yrði gripið til nauðsynlegra aðgerða, s.s. um tímabundið bann við sölu- og afhendingu varanna. Var tölvupóstinum fylgt eftir með símtali við markaðs- og sölustjóra Slysavarnafélagsins. Í símtalinu kom fram af hálfu Slysavarnafélagsins að varan hefði ekki verið keypt á árinu heldur væri um að ræða vöru frá fyrra ári. Slysavarnafélagið myndi reyna eftir fremsta megni að koma gögnum til Neytendastofu. Engar upplýsingar bárust innan tilskilinna tímamarka.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. desember 2019, var lagt tímabundið bann við sölu og afhendingu á áðurnefndum vörum. Neytendastofu bárust upplýsingar þann 31. desember 2019 frá Slysavarnafélaginu þess efnis að um leikfang væri að ræða en ekki skoteld. Var þess óskað



II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar öryggi „partíbyssu“ og „partíbyssufyllinga“. Í fyrstu afmarkaðist skoðun Neytendastofu við að varan væri skoteldur, þar sem merkingar vantaði um hvaða flokk skotelda vörunar tilheyrðu.

Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda vörunnar, Slysavarnafélaginu Landsbjörgu voru vörunnar markaðssettar sem leikföng á skoteldamörkuðum. Í framhaldi hóf Neytendastofa einnig skoðun á samræmi vörunnar við lágmarksöryggiskröfur sem gerðar eru til leikfangna.

„Partíbyssan“ er CE-merkt en „partíbyssufyllingar“ er ekki CE-merkt. Samkvæmt leiðbeiningum á fyllingunum á að nota þær með vörunni „partíbyssan“. Þar sem varan „partíbyssufyllingar“ er markaðssett sem hluti vörunnar „partíbyssan“ telur Neytendastofa að vörunnar eigi að vera framleiddar til samræmis við sömu kröfur.

Neytendastofa óskaði eftir EB-samræmisfirlýsingu, tæknigögnum og áhættumati vegna „partíbyssu“ og „partíbyssufyllinga“. Engin EB-samræmisfirlýsing barst, því var ekki unnt að sjá hvort varan væri framleidd í samræmi við lagalegar kröfur sem gilda um leikföng eða skotelda. Þá bárust hvorki fullnægjandi skýringar né gögn sem sýnt gátu fram á samræmi vörunnar við kröfur sem gerðar eru til markaðssetningar og sölu á leikföngum né skoteldum.

2.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

“Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.”

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað teljist örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við edlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar



- „1. tryggja að leikfangið hafi verið hannað og framleitt í samræmi við grunnkröfur um öryggi,
2. greina hættu sem getur stafað af leikfanginu með tilliti til íðefna, efnislegra og krafrænna eiginleika, rafmagns, eldfimi, hollustuhátta og geislavirkni, ásamt mati á hugsanlegum váhrifum slíkrar hættu,
3. útbúa tæknigögn í samræmi við 19. gr. og framkvæma eða láta framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð skv. 17. gr. Ef sýnt er fram á að leikfang uppfylli viðeigandi kröfur með þessum aðferðum skal framleiðandi útbúa EB-samræmisýfirlýsingu, sbr. 13. gr. og festa CE-merkið á í samræmi við 15. gr.,
4. varðveita tæknigögn og EB-samræmisýfirlýsinguna í tíu ár eftir að leikfang hefur verið sett á markað,
5. tryggja að aðferðir séu til staðar til að raðframleiðsla haldist í samræmi. Taka skal fullnægjandi tillit til breytinga á hönnun og eiginleikum leikfangs og breytinga á samhæfðum stöðlum sem EB-samræmisýfirlýsingin miðast við,
6. tryggja að leikfang hans beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað tákni sem gerir kleift að bera kennsl á það eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu veittar á umbúðum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,
7. tilgreina á leikfanginu nafn sitt, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem má hafa samband við hann eða, ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu. Óheimilt er að tilgreina fleiri en einn stað sem heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við framleiðanda,
8. tryggja að leikfanginu fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á íslensku,
9. tryggja að leikfang beri viðvörðunarkerkingar skv. 10. gr.“

Leikfang á ekki að vera markaðssett fyrr en framleiðandi hefur sýnt fram á samræmi þess við grunnkröfur um öryggi með þeim samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Áfesting CE-merkisins er staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum. Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 944/2014 skulu leikföng sem boðin eru fram á markaði hér á landi vera CE-merkt. Um CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. Ekki er heimilt að festa CE-merkið á leikföng nema að undangengnu samræmismatsferli.

Framleiðendum ber skylda til að hafa tæknigögn um leikföng til reiðu að rökstuddri beiðni Neytendastofu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

Um hönnun, framleiðslu og gerð leikfanga gildir m.a. staðallinn ÍST EN 71-1:2014: Öryggi leikfanga – Hluti 1: Krafrænir og efnislegir eiginleikar.



Slysavarnafélaginu Landsbjörg að selja og afhenda „partíbyssu“ og „partíbyssufyllingar“ (sjá fylgiskjal).

Að mati Neytendastofu hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg ekki sýnt fram á öryggi ofangreindra vara. Neytendastofa telur því rétt að skylda Slysavarnafélagið til að eyðileggja öll eintök þeirra með öruggum hætti innan sex vikna frá dagsetningu ákvörðunarinnar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðar það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Slysavarnafélagið Landsbjörg, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, hefur, með því að markaðssetja vörurnar „partíbyssan“ og „partíbyssufyllingar“, en sýna ekki fram á öryggi þeirra, brotið gegn 1. mgr. 2. gr., sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Með vísan til 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, er Slysavarnafélaginu Landsbjörg bannað að selja og afhenda vörurnar „partíbyssan“ og „partíbyssufyllingar“.

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, skal Slysavarnafélagið Landsbjörg eyða ofangreindum vörum með öruggum hætti og framvísa vottorði um eyðingu til Neytendastofu innan sex vikna frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

Sölu- og afhendingarbann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 15. apríl 2020

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir

Fylgiskjal með ákvörðun Neytendastofu nr. 12/2020



PARTÍ BYSSAN

6 skota partíbyssa sem skýtur fallegum strímlum og dótum.
Hægt er að kaupa áfyllingar.

Leiðbeiningar:



Öryggisreglur:
Aldrei skal beina byssunni að annari manneskju. Ekki skjöta nálægt eyrum, það gæti skaðað heyrn. Miðað upp í loft og haldið frá líkamanum og andliti. Notið aðeins réttar áfyllingar. Ekki geyma áfyllingar á byssuna í vasa þar sem þær gætu valdið bruna. Börn skulu aðeins nota byssurnar undir leiðsögn fullorðna.

Viðvörðun

Ekki við hæfi barna yngri en þrjú ára.
Lítill hlutur!
Köfnunarbætt!
Hleypið ekki af innanhúss né nálægt augum eða eyrum.
Hafið ekki hvílhettur lausar í vasa.
Notið ekki nálægt eyra. Röng notkun getur valdið heyrnarskemmdum.
Hleypið ekki af innan dyra. Notið aðeins hvílhettu sem framleiðandi mælir með.

CE RÁÐNÚMÉR: 1801 Framleitt í Kína

PARTÍ BYSSAN

6 skota partíbyssa sem skýtur fallegum strímlum og dótum.
Hægt er að kaupa áfyllingar.

Leiðbeiningar:



Öryggisreglur:
Aldrei skal beina byssunni að annari manneskju. Ekki skjöta nálægt eyrum, það gæti skaðað heyrn. Miðað upp í loft og haldið frá líkamanum og andliti. Notið aðeins réttar áfyllingar. Ekki geyma áfyllingar á byssuna í vasa þar sem þær gætu valdið bruna. Börn skulu aðeins nota byssurnar undir leiðsögn fullorðna.

Viðvörðun

Ekki við hæfi barna yngri en þrjú ára.
Lítill hlutur!
Köfnunarbætt!
Hleypið ekki af innanhúss né nálægt augum eða eyrum.
Hafið ekki hvílhettur lausar í vasa.
Notið ekki nálægt eyra. Röng notkun getur valdið heyrnarskemmdum.
Hleypið ekki af innan dyra. Notið aðeins hvílhettu sem framleiðandi mælir með.

CE RÁÐNÚMÉR: 1801 Framleitt í Kína